

2012:1 • 8. október 2012

Forsetakjör 30. júní 2012


Presidential election 30 June 2012

Samantekt Forsetakjör fór fram 30. júní 2012. Við kosningarnar voru alls 235.743 á kjörskrá eða 73,8% landsmanna. Af þeim greiddu 163.294 atkvæði eða 69,3% kjósenda. Kosningabátttaka karla var 65,8% en kvenna nokkru hærri, 72,7%. Hlutfall utankjörfundaratkvæða af greiddum atkvæðum var óvenjuhátt eða 23,4%.

Sex frambjóðendur voru í kjöri til embættis forseta Íslands, þau Andrea Jóhanna Ólafsdóttir, Ari Trausti Guðmundsson, Hannes Bjarnason, Herdís Þorgeirsdóttir, Ólafur Ragnar Grímsson og Þóra Arnórsdóttir. Úrslit forsetakjörs urðu þau að Ólafur Ragnar Grímsson hlaut flest atkvæði, 84.036 eða 52,8% gildra atkvæða, og var því endurkjörinn forseti Íslands fyrir tímabilið frá 1. ágúst 2012 til 31. júlí 2016.

Mynd 1. Úrslit í forsetakjöri 30. júní 2012

Figure 1. Results of the presidential election 30 June 2012



Tafla 1. Kjósendur og greidd atkvæði við forsetakjör 30. júní 2012

Table 1. Voters and votes cast in the presidential election 30 June 2012

| | Alls <i>Total</i> | Karlar <i>Males</i> | Konur <i>Females</i> |
|---|----------------------|------------------------|-------------------------|
| Kjósendur á kjörskrá <i>Voters on the electoral roll</i> | 235.743 | 117.474 | 118.269 |
| Hlutfall af íbúatölu <i>Percentage of population</i> | 73,8 | 73,3 | 74,3 |
| Greidd atkvæði <i>Votes cast¹</i> | 163.294 | 77.304 | 85.990 |
| Kosningaþátttaka, % <i>Participation, %</i> | 69,3 | 65,8 | 72,7 |
| Greidd (talin) atkvæði ¹ <i>Votes cast¹</i> | 163.251 | | |
| Gild atkvæði <i>Valid votes</i> | 159.207 | • | • |
| Ógild atkvæði <i>Blank and void ballots</i> | 4.044 | • | • |
| Auð atkvæði <i>Blank ballots</i> | 3.514 | • | • |
| Önnur ógild atkvæði <i>Void ballots</i> | 530 | • | • |

¹ Greidd atkvæði samkvæmt skýrslum yfirkjörstjórna um kosningaþátttöku til Hagstofu eru 43 fleiri en talin atkvæði samkvæmt úrslitum kosninganna. Sjá nánari skýringu á bls. 9. *There were 43 more votes cast according to the election reports on voting participation to Statistics Iceland than the number of votes in the outcome of the elections.*

Framkvæmd forsetakjörs

Forseti Íslands skal vera þjóðkjörinn og hefst kjörtímabil hans 1. ágúst og endar 31. júlí að fjórum árum liðnum.¹ Forsetakjör skal fara fram síðasta laugardag í júní-mánuði fjórða hvert ár.²

Sá ráðherra er fer með málefni embættis forseta Íslands skal auglýsa kjör forseta Íslands eigi síðar en þremur mánuðum fyrir kjördag og tiltaka lágmarks- og hámarkstölu meðmælenda forsetaefnis í hverjum landsfjórðungi í réttu hlutfalli við kjósendatölu þar.³

*Kjör forseta 30. júní 2012
— framboðum skilað til
innanríkisráðuneytis*

Í auglýsingu forsætisráðuneytisins frá 20. mars 2012 er kveðið á um framboð og kjör forseta Íslands. Þar segir m.a.: „Kjör forseta Íslands skal fara fram laugardaginn 30. júní 2012. Framboðum til forsetakjörs skal skilað til innanríkisráðuneytisins, ásamt samþykki forsetaefnis, nægilegri tölu meðmælenda og vottorðum yfirkjörstjórna um að þeir séu kosningarbærir, eigi síðar en fimm vikum fyrir kjördag. Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 1.500 kosningarbærra manna, en mest 3.000.“ Í auglýsingunni var kveðið á um hvernig meðmælendur skiptust eftir landsfjórðungum:

úr Sunnlendingafjórðungi minnst 1.206 meðmælendur, en mest 2.412
úr Vestfirðingafjórðungi minnst 66 meðmælendur, en mest 131
úr Norðlendingafjórðungi minnst 166 meðmælendur, en mest 332
úr Austfirðingafjórðungi minnst 62 meðmælendur, en mest 125.

Skilyrði kjörgengis

Kjörgengur til forseta er hver 35 ára gamall maður, sem fullnægir skilyrðum kosningarréttar til Alþingis, að fráskildu búsetuskilyrðinu (4.gr. stjórnarskrárinnar). Í 34. gr. stjórnarskrárinnar segir: „Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá

¹ 3. og 6. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.

² 1. mgr. 3. gr. laga um framboð og kjör forseta Íslands nr. 36/1945, sbr. 1. gr. laga nr. 6/1984.

³ 1. mgr. 3. gr. laga nr. 36/1945, sbr. 21. gr. laga nr. 126/2011.

ríkisborgari sem kosningarrétt á til þeirra og hefur óflekkað mannorð. Hæstaréttar-dómarar eru þó ekki kjörgengir.“

Sjö frambjóðendur skiluðu gögnum

Framboðum til forsetakjörs bar að skila til innanríkisráðuneytisins fyrir miðnætti 25. maí 2012. Samkvæmt frétt ráðuneytisins dags. 26. maí 2012, skiluðu sjö frambjóðendur framboðum áður en frestur rann út. Þar kom og fram að ráðuneytið hefði viku til að yfirfara framlögð gögn til að staðfesta lögmati þeirra og auglýsa síðan hverjir væru í framboði til forsetakjörs.

Frambjóðendur við forsetakjör

Hinn 1. júní 2012 gaf innanríkisráðuneytið út auglýsingu um hverjir væru í kjöri til embættis forseta Íslands og voru frambjóðendurnir eftirfarandi:

Andrea Jóhanna Ólafsdóttir, Skildinganesi 4, Reykjavík
Ari Trausti Guðmundsson, Fannafold 132, Reykjavík
Hannes Bjarnason, Bjarnastöðum, Akrahreppi
Herdís Þorgeirsdóttir, Hávallagötu 9, Reykjavík
Ólafur Ragnar Grímsson, Bessastöðum, Sveitarfélaginu Álftanesi
Þóra Arnórsdóttir, Hjallabraut 66, Hafnarfirði.

Eitt framboð metið ógilt

Í auglýsingunni kom og fram að innanríkisráðuneytið hefði afgreitt til Hæstaréttar Íslands skjöl er vörðuðu ofangreind framboð. Þar segir ennfremur að framboð Ástþórs Magnússonar Wium, sem búsettur er erlendis en með dvalarstað að Vogaseli 1, Reykjavík, sem barst fyrir lok framboðsfrests, hafi ekki uppfyllt ákvæði 4. gr. laga um framboð og kjör forseta Íslands nr. 36/1945 þar sem ekki lá fyrir lögboðið vottorð gilda meðmæla úr Vestfirðingafjórðungi frá yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis. Var framboðið því ekki metið gilt.

Forsetakosningar með sama hætti og alþingiskosningar

Forseti skal kjörinn beinum, leynilegum kosningum af þeim, er kosningarrétt hafa til Alþingis.¹ Við forsetakosningar skulu undir- og yfirkjörstjórnir vera þær sömu og við alþingiskosningar en Hæstarétti eru falin þau störf sem landskjörstjórn annast við alþingiskosningar.²

Um kjörskrár til afnota við kjör forseta Íslands fer á sama hátt og við alþingiskosningar. Þær skulu þó miðaðar við íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag (fimm vikum í alþingiskosningum). Mörk kjördæma skulu vera þau sömu og í næstliðnum alþingiskosningum.³ Um kosningaathöfnina sjálfa, sem og undirbúning hennar, atkvæðagreiðslu utan kjörstaða og á kjörstað fer að öðru leyti samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis eftir því sem við á.⁴

Skýrslugerð

Löng hefð er fyrir því að Hagstofa Íslands taki saman skýrslur um almennar kosningar á Íslandi og í 116. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 segir: „Kjörstjórnir skulu senda Hagstofu Íslands skýrslu um kosninguna ritaða á eyðublöð sem Hagstofan lætur í té.“ Í 14. gr. laga nr. 36/1945 um framboð og kjör forseta Íslands er m.a. vísað til ofangreinds ákvæðis, þ.e. 116. gr. kosningalaga.

Í aðdraganda forsetakjörs lét Hagstofa Íslands undirkjörstjórnnum og yfirkjörstjórnnum í té eyðublöð til útfyllingar vegna skýrslugerðar um niðurstöður atkvæða-

¹ 5. gr. stjórnarskránnar.

² 2. gr. laga nr. 36/1945.

³ 1. gr. laga nr. 36/1945, sbr. 1. gr. laga nr. 9/2004.

⁴ 3. mgr. 6. gr. laga nr. 36/1945, sbr. 2. gr. laga nr. 6/1984.

greiðslunnar. Leitað var eftir upplýsingum um fjölda kjörstaða og kjördeilda, fjölda kjósenda eftir kyni, fjölda greiddra atkvæða á kjörfundi og fjölda greiddra utankjörfundaratkvæða einnig eftir kyni og loks heildarfjölda atkvæða. Að lokinni atkvæðagreiðslu sendu kjörstjórnir yfirkjörstjórnnum niðurstöður sínar og tóku yfirkjörstjórnir kjördæmanna síðan saman yfirlit sem Hagstofa Íslands fékk. Í skýrslugerðinni er einnig stuðst við gögn um kjósendur á kjörskrárstofni frá Þjóðskrá Íslands, upplýsingar um forsetaefni og tilskilda tölu meðmælenda úr auglýsingum forsætisráðuneytis og innanríkisráðuneytis auk upplýsinga Hæstaréttar um kosningaúrslit og ákvarðanir réttarins vegna kæra sem Hæstarétti bárust.

Fjöldi á kjörskrá

Hverjir mega kjósa?

Kosningarrétt við forsetakjör eiga þeir kjósendur sem eiga kosningarrétt til Alþingis.¹ Samkvæmt kosningalögum á hver íslenskur ríkisborgari 18 ára og eldri með lögheimili hér á landi kosningarrétt við kosningar til Alþingis. Íslenskur ríkisborgari 18 ára og eldri og átt hefur lögheimili hér á landi á jafnframt kosningarrétt í átta ár eftir að hann flytur lögheimili sitt af landinu, talið frá 1. desember næstum fyrir kjördag. Slíkur ríkisborgari á einnig kosningarrétt eftir þann tíma, enda hafi hann sótt um það samkvæmt nánari reglum kosningalaga.

Kjörskrárstofn

Þjóðskrá Íslands lætur sveitarstjórnnum í té stofn að kjörskrá, svonefndan kjörskrárstofn, sem þær gera svo úr garði að úr verður gild kjörskrá. Kjörskrá skal sveitarstjórn leggja fram almenningi til sýnis eigi síðar en 10 dögum fyrir kjördag og ber sveitarstjórn að leiðrétta kjörskrá, ef við á, fram á kjördag.² Að þessu sinni skyldi kjörskrá miðast við skráð lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár hinn 9. júní 2012. Skyldu kjörskrár lagðar fram hjá sveitarstjórnnum eigi síðar en 20. júní 2012. Með endanlegri kjörskrá hefur verið tekið tillit til fjölda látinna og þeirra sem fengið hafa nýtt ríkisfang eftir að kjörskrárstofn var unninn, svo og annarra leiðréttinga sem gerðar hafa verið á kjörskrárstofninum.

Kjörskrá við forsetakjör 30. júní 2012 vék lítillega frá upphaflegum kjörskrárstofni. Á kjörskrárstofni sem Þjóðskrá Íslands birti voru skráðir alls 235.784 kjósendur, eða 41 fleiri en á endanlegri kjörskrá að lokinni atkvæðagreiðslu samkvæmt skýrslum kjörstjórna.

¹ 1. gr. laga nr. 36/1945, sbr. 1. gr. laga nr. 24/2000.

² 26. og 27. gr. laga nr. 24/2000.

Tafla 2. Kjósendur á kjörskrá og kjörskrárstofni við forsetakjör 30. júní 2012

Table 2. Voters on the electoral roll and on the preliminary electoral roll prior to the presidential election 30 June 2012

| | Alls <i>Total</i> | Norð- vestur- kjörd. | Norð- austur kjörd. | Suður- kjörd. | Suð- vestur- kjörd. | Reykja- víkur- kjörd. suður | Reykja- víkur- kjörd. norður |
|--|----------------------|----------------------------|---------------------------|------------------|---------------------------|--------------------------------------|---------------------------------------|
| Kjósendur á kjörskrá alls | | | | | | | |
| <i>Voters on the electoral roll, total</i> | 235.743 | 21.374 | 29.003 | 33.400 | 62.069 | 44.854 | 45.043 |
| Karlar <i>Males</i> | 117.474 | 11.012 | 14.714 | 17.108 | 30.509 | 21.881 | 22.250 |
| Konur <i>Females</i> | 118.269 | 10.362 | 14.289 | 16.292 | 31.560 | 22.973 | 22.793 |
| Kjósendur á kjörskrárstofni alls | | | | | | | |
| <i>Voters on prelim. electoral roll</i> | 235.784 | 21.374 | 29.007 | 33.407 | 62.084 | 44.853 | 45.059 |
| Karlar <i>Males</i> | 117.493 | 11.010 | 14.716 | 17.111 | 30.518 | 21.883 | 22.255 |
| Konur <i>Females</i> | 118.291 | 10.364 | 14.291 | 16.296 | 31.566 | 22.970 | 22.804 |
| Kjósendur með lögheimili erlendis | | | | | | | |
| <i>Domicile abroad</i> | 12.257 | 730 | 1.046 | 1.479 | 3.361 | 2.745 | 2.896 |
| Kjósendur með lögheimili erlendis, % | | | | | | | |
| <i>Domicile abroad, %</i> | 5,2 | 3,4 | 3,6 | 4,4 | 5,4 | 6,1 | 6,4 |

Note: For translation of constituencies see table 5 on page 8.

Kjósendur á kjörskrá 235.743

Við forsetakjörið voru 235.743 manns á kjörskrá, eða 73,8% allra landsmanna. Við forsetakjör 2004 var þetta hlutfall 73,0%. Á kjörskrárstofni árið 2012 voru 12.257 með lögheimili erlendis, eða 5,2% allra sem höfðu kosningarrétt (tafla 2). Var sambærilegt hlutfall 4,0% við forsetakjör árið 2004.

Kosningaþátttaka

Kosningaþátttaka 69,3%


Við forsetakjör 30. júní 2012 greiddu atkvæði alls 163.294 kjósendur, eða 69,3% allra kosningarbærra manna. Þátttaka karla í atkvæðagreiðslunni nú var 65,8% og kvenna 72,7%. Til samanburðar þá hefur kosningaþátttaka kvenna verið meiri en karla í þingkosningum frá árinu 1995 og forsetakosningum frá 1980¹.

Kosningaþátttaka við fyrri forsetakjör 63–92%

Þátttaka í almennum kosningum við fyrri forsetakjör hefur verið breytileg. Hún var tvisvar yfir 90% eða 92,2% árið 1968 og 90,5% árið 1980 en minnst var þátttakan 62,9% árið 2004.

Mynd 2. Kosningaþátttaka við forsetakjör 1952–2012

Mynd 2. Participation in presidential elections 1952–2012



Kosningaþátttaka mest 72,0% í Norðausturkjördæmi

Kosningaþátttaka við forsetakjör var mest í Norðausturkjördæmi, 72,0% en minnst í Reykjavíkurborgkjördæmi norður 66,6%. Var nokkur munur á þátttöku kvenna og karla eftir kjördæmum en kosningaþátttaka kvenna var meiri en karla í þeim öllum. Í einstökum sveitarfélögum var kosningaþátttakan mest í Tjörneshreppi (83,6%) en minnst í Svalbarðshreppi (61%) (tafla 8).

¹ Upplýsingar vantar um kosningaþátttöku eftir kyni í forsetakjöri árið 2004.

Tafla 3. Kosningaþátttaka við forsetakjör 30. júní 2012*Table 3. Participation in the presidential election 30 June 2012*

| | Alls <i>Total</i> | Norð- vestur- kjörd. | Norð- austur- kjörd. | Suður- kjörd. | Suð- vestur- kjörd. | Reykja- víkur- kjördæmi suður | Reykja- víkur- kjördæmi norður |
|--|----------------------|----------------------------|----------------------------|------------------|---------------------------|--|---|
| Greidd atkvæði | | | | | | | |
| <i>Votes cast</i> | 163.294 | 15.346 | 20.884 | 22.826 | 43.411 | 30.844 | 29.983 |
| Karlar <i>Males</i> | 77.304 | 7.522 | 10.084 | 11.160 | 20.321 | 14.274 | 13.943 |
| Konur <i>Females</i> | 85.990 | 7.824 | 10.800 | 11.666 | 23.090 | 16.570 | 16.040 |
| Kosningaþátttaka, % | | | | | | | |
| <i>Participation of voters, %</i> | 69,3 | 71,8 | 72,0 | 68,3 | 69,9 | 68,8 | 66,6 |
| Karlar <i>Males</i> | 65,8 | 68,3 | 68,5 | 65,2 | 66,6 | 65,2 | 62,7 |
| Konur <i>Females</i> | 72,7 | 75,5 | 75,6 | 71,6 | 73,2 | 72,1 | 70,4 |
| Utankjörf.atkvæði, %¹ | | | | | | | |
| <i>Absentee votes, %¹</i> | 23,4 | 21,9 | 20,5 | 21,6 | 24,2 | 23,6 | 26,0 |
| Sveitarfélög eftir kosningaþátttöku | | | | | | | |
| <i>Municipalities by participation</i> | | | | | | | |
| <65,0 | 5 | – | 2 | 3 | – | – | – |
| 65,0–69,9 | 23 | 6 | 5 | 7 | 3 | 1 | 1 |
| 70,0–74,9 | 35 | 14 | 9 | 8 | 4 | – | – |
| 75,0–79,9 | 10 | 5 | 3 | 2 | – | – | – |
| 80,0≥% | 3 | 1 | 2 | – | – | – | – |

¹ Hlutfall af greiddum atkvæðum. *Percent of votes cast.*

Notes: For translation of constituencies see table 5 on page 8.

*Þátttaka meiri á landsbyggð en
höfuðborgarsvæði*

Kosningaþátttakan var heldur meiri á landsbyggð en höfuðborgarsvæði eða 70,5% á móti 68,6%. Átti þetta við þátttöku bæði karla og kvenna.

Tafla 4. Kosningaþátttaka á höfuðborgarsvæði og landsbyggð 2012*Table 4. Participation in capital region and other regions 2012*

| | Greidd atkvæði <i>Votes cast</i> | Kjósendur á kjörskrá <i>Voters on the electoral roll</i> | Kosningaþátttaka <i>Participation</i> |
|---|--|---|--|
| Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i> | 104.238 | 151.966 | 68,6 |
| Karlar <i>Males</i> | 48538 | 74.640 | 65,0 |
| Konur <i>Females</i> | 55700 | 77.326 | 72,0 |
| Landsbyggð <i>Other regions</i> | 59.056 | 83.777 | 70,5 |
| Karlar <i>Males</i> | 28.766 | 42.834 | 67,2 |
| Konur <i>Females</i> | 30.290 | 40.943 | 74,0 |

Skýringar *Notes:* Höfuðborgarsvæðið nær til Reykjavíkurborgarsvæðis suður, Reykjavíkurborgarsvæðis norður og Suðvesturkjördæmis. Landsbyggð nær yfir Norðvesturkjördæmi, Norðausturkjördæmi og Suðurborgarsvæði. *Capital region refers to the constituencies Reykjavík south, Reykjavík north and Southwest constituency. Other regions cover the constituencies Northwest, Northeast and South.*

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar

Kjósandi sem ekki getur sótt kjörfund á kjördag hefur heimild til að greiða atkvæði utan kjörfundar, sbr. 56. gr. kosningalaga.

23,4% atkvæða utan kjörfundar

Við forsetakjör árið 2012 voru 38.140 atkvæði greidd utan kjörfundar, eða 23,4% greiddra atkvæða. Er þetta óvenjuhátt hlutfall og það hæsta til þessa í almennum kosningum. Fleiri konur en karlar greiddu atkvæði utan kjörfundar, en það átti við um 23,9% atkvæða kvenna og 22,8% atkvæða karla. Hæst var hlutfall utankjörfundaratkvæða í Reykjavíkurborgkjördæmi norður (26,0%), en lægst (20,5%) í Norðausturkjördæmi.

Tafla 5. Utankjörfundaratkvæði eftir kjördæmum 2012

Table 5. Absentee votes by constituency 2012

| | Alls | Karlar | Konur |
|---|---------------|---------------|----------------|
| | <i>Total</i> | <i>Males</i> | <i>Females</i> |
| Utankjörfundaratkvæði alls | | | |
| <i>Absentee votes, total</i> | 38.140 | 17.626 | 20.514 |
| Norðvesturkjördæmi <i>Northwest</i> | 3.358 | 1.547 | 1.811 |
| Norðausturkjördæmi <i>Northeast</i> | 4.288 | 2.010 | 2.278 |
| Suðurkjördæmi <i>South</i> | 4.935 | 2.399 | 2.536 |
| Suðvesturkjördæmi <i>Southwest</i> | 10.488 | 4.886 | 5.602 |
| Reykjavíkurborgkjördæmi suður <i>Reykjavík south</i> | 7.267 | 3.267 | 4.000 |
| Reykjavíkurborgkjördæmi norður <i>Reykjavík north</i> | 7.804 | 3.517 | 4.287 |
| Hlutfall af greiddum atkvæðum | | | |
| <i>Percent of votes cast</i> | 23,4 | 22,8 | 23,9 |
| Norðvesturkjördæmi <i>Northwest</i> | 21,9 | 20,6 | 23,1 |
| Norðausturkjördæmi <i>Northeast</i> | 20,5 | 19,9 | 21,1 |
| Suðurkjördæmi <i>South</i> | 21,6 | 21,5 | 21,7 |
| Suðvesturkjördæmi <i>Southwest</i> | 24,2 | 24,0 | 24,3 |
| Reykjavíkurborgkjördæmi suður <i>Reykjavík south</i> | 23,6 | 22,9 | 24,1 |
| Reykjavíkurborgkjördæmi norður <i>Reykjavík north</i> | 26,0 | 25,2 | 26,7 |
| Hlutfall af kjósendum á kjörskrá | | | |
| <i>Percent of voters on the electoral roll</i> | 16,2 | 15,0 | 17,3 |
| Norðvesturkjördæmi <i>Northwest</i> | 15,7 | 14,0 | 17,5 |
| Norðausturkjördæmi <i>Northeast</i> | 14,8 | 13,7 | 15,9 |
| Suðurkjördæmi <i>South</i> | 14,8 | 14,0 | 15,6 |
| Suðvesturkjördæmi <i>Southwest</i> | 16,9 | 16,0 | 17,8 |
| Reykjavíkurborgkjördæmi suður <i>Reykjavík south</i> | 16,2 | 14,9 | 17,4 |
| Reykjavíkurborgkjördæmi norður <i>Reykjavík north</i> | 17,3 | 15,8 | 18,8 |

Niðurstöður forsetakjörs 2012

Hlutverk Hæstaréttar

Í 10. gr. laga um framboð og kjör forseta Íslands nr. 36/1945 segir svo: „Að lokinni talningu atkvæða sendir yfirkjörstjórn hæstarétti eftirrit af gerðabók sinni ásamt þeim kjörseðlum sem ágreiningur hefur verið um.“ Í 11. gr. sömu laga segir: „Þegar hæstiréttur hefur fengið í hendur eftirrit gerðabóka allra yfirkjörstjórna og ágreiningsseðla, boðar hann forsetaefni eða umboðsmenn þeirra til fundar, þar sem hann úrskurðar um gildi ágreiningsseðlanna, lýsir úrslitum kosninganna og gefur út kjörbréf handa því forsetaefni, sem hæstri atkvæðatölu hefur náð.“

Í 14. gr. laga nr. 36/1945 með áorðnum breytingum segir: „Kæur um ólögmati forsetakjörs, aðrar en refsikæur, skulu sendar hæstarétti eigi síðar en fimm dögum fyrir fund þann, er í 11. gr. getur.“

Hæstiréttur lýsir niðurstöðum

Niðurstöðum forsetakjörs var lýst á fundi Hæstaréttar 27. júlí 2012, sbr. endurrit úr gerðabók réttarins við kjör forseta Íslands. Þar segir m.a.: „Hæstarétti bárust þrjár kæur varðandi undirbúning og framkvæmd kosninganna. Afstaða var tekin til þeirra með ákvörðun réttarins 6. júní og tveimur ákvörðunum 25. júlí 2012. Í þeirri fyrstu var kæru vísað frá Hæstarétti, en í hinum tveimur var hafnað kröfum um ógildingu forsetakjörsins.“¹

Mismunur greiddra atkvæða og talinna atkvæða

Heildarfjöldi talinna atkvæða við forsetakjörið var 163.251. Samkvæmt kosninga-skýrslum yfirkjörstjórna til Hagstofu var fjöldi greiddra atkvæða á kjörfundi og utan kjörfundar alls 163.294 eða 43 atkvæðum fleiri en talin atkvæði. Munaði sjö atkvæðum í Reykjavíkurborgardæmi suður, ellefu atkvæðum í Reykjavíkurborgardæmi norður og 25 atkvæðum í Suðvesturkjördæmi. Í gerðabók yfirkjörstjórnar í Suðvesturkjördæmi kemur fram að mismunurinn sé óútskýrður og á það einnig við um skýringar yfirkjörstjórna Reykjavíkurborgardæmanna.

Í endurriti gerðabókar Hæstaréttar kemur fram að „við talningu atkvæða reis ágreiningur um 10 atkvæðaseðla í Reykjavíkurborgardæmi suður og 17 atkvæðaseðla í Norðausturkjördæmi, en yfirkjörstjórnir þessara kjördæma úrskurðuðu um ágreiningsefni. Engar kröfur hafa borist Hæstarétti um endurskoðun þessara úrskurða og standa þeir því óbreyttir.“

Gild atkvæði 97,5%, ógild atkvæði 2,5%

Gild atkvæði í forsetakjöri voru 159.207, auðir seðlar voru 3.514 (2,2%) og aðrir ógildir seðlar 530 (0,3%). Hlutfall auðra og ógildra seðla af greiddum atkvæðum var 2,5%. Lægst var hlutfallið í Suðurkjördæmi 1,6% en hæst í Reykjavíkurborgardæmi suður 3,1% (tafla 6). Við forsetakjör árið 2004 var hlutfall auðra seðla 20,6% og annarra ógildra seðla 0,6%.

¹ Sjá nánar á vefsíðu Hæstaréttar: www.haestirettur.is/control/index?pid=1142.

Tafla 6. Greidd atkvæði eftir kjördæmum 2012*Table 6. Votes cast by constituency 2012*

| | Alls <i>Total</i> | Norð- vestur- kjörd. | Norð- austur kjörd. | Suður- kjörd. | Suð- vestur- kjörd. | Reykja- víkur- kjörd. suður | Reykja- víkur- kjörd. norður |
|---|----------------------|----------------------------|---------------------------|------------------|---------------------------|--------------------------------------|---------------------------------------|
| Greidd atkvæði alls¹ <i>Total number of votes cast¹</i> | 163.251 | 15.346 | 20.884 | 22.826 | 43.386 | 30.837 | 29.972 |
| Gild atkvæði <i>Valid votes</i> | 159.207 | 15.062 | 20.480 | 22.472 | 42.192 | 29.875 | 29.126 |
| Ógild atkvæði <i>Blank and void ballots</i> | 4.044 | 284 | 404 | 354 | 1.194 | 962 | 846 |
| Auðir seðlar <i>Blank ballots</i> | 3.514 | 258 | 344 | 308 | 1.031 | 826 | 747 |
| Ógildir seðlar <i>Void ballots</i> | 530 | 26 | 60 | 46 | 163 | 136 | 99 |
| Skipting atkvæða, % <i>Votes, %</i> | | | | | | | |
| Greidd atkvæði alls¹ <i>Total number of votes cast¹</i> | 100 | 100 | 100 | 100 | 100 | 100 | 100 |
| Gild atkvæði <i>Valid votes</i> | 97,5 | 98,1 | 98,1 | 98,4 | 97,2 | 96,9 | 97,2 |
| Ógild atkvæði <i>Blank and void ballots</i> | 2,5 | 1,9 | 2,0 | 1,6 | 2,8 | 3,2 | 2,9 |
| Auðir seðlar <i>Blank ballots</i> | 2,2 | 1,7 | 1,6 | 1,3 | 2,4 | 2,7 | 2,5 |
| Ógildir seðlar <i>Void ballots</i> | 0,3 | 0,2 | 0,3 | 0,2 | 0,4 | 0,4 | 0,3 |

1 Sjá nmgr. 1, töflu 1, bls. 2. Cf. footnote 1, table 1, p. 2.

Notes: For translation of constituencies see table 5 on page 8.

Úrslit í forsetakjöri

Úrslit forsetakjörs urðu þessi:

| | | |
|----------------------------|--------|-----------------|
| Andrea Jóhanna Ólafsdóttir | 2.867 | atkvæði (1,8%) |
| Ari Trausti Guðmundsson | 13.764 | atkvæði (8,6%) |
| Hannes Bjarnason | 1.556 | atkvæði (1,0%) |
| Herdís Þorgeirsdóttir | 4.189 | atkvæði (2,6%) |
| Ólafur Ragnar Grímsson | 84.036 | atkvæði (52,8%) |
| Þóra Arnórsdóttir | 52.795 | atkvæði (33,2%) |

Ólafur Ragnar Grímsson kjörinn forseti

Ólafur Ragnar Grímsson var með flest atkvæði eða 84.036 (52,8% gildra atkvæða) og þannig kjörinn forseti Íslands fyrir kjörtímabilið frá 1. ágúst 2012 til 31. júlí 2016 sem er fimmta kjörtímabil hans.

Atkvæði frambjóðenda eftir kjördæmum

Mismunandi var eftir kjördæmum hvernig atkvæði forsetaframbjóðenda skiptust en í þeim öllum hlaut Ólafur Ragnar Grímsson flest atkvæði.

Tafla 7. Úrslit forsetakjörs 30. júní 2012 eftir kjördæmum

Table 7. Results of the presidential election 30 June 2012 by constituency

| | Alls <i>Total</i> | Norð- vestur- kjörd. | Norð- austur kjörd. | Suður- kjörd. | Suð- vestur- kjörd. | Reykja- víkur- kjörd. suður | Reykja- víkur- kjörd. norður |
|---------------------------------|----------------------|----------------------------|---------------------------|------------------|---------------------------|--------------------------------------|---------------------------------------|
| Gild atkvæði alls | | | | | | | |
| Valid votes, total | 159.207 | 15.062 | 20.480 | 22.472 | 42.192 | 29.875 | 29.126 |
| Andrea Jóhanna Ólafsdóttir | 2.867 | 178 | 348 | 329 | 793 | 584 | 635 |
| Ari Trausti Guðmundsson | 13.764 | 1.100 | 1.882 | 1.746 | 3.672 | 2.705 | 2.659 |
| Hannes Bjarnason | 1.556 | 314 | 277 | 197 | 298 | 229 | 241 |
| Herdís Þorgeirsdóttir | 4.189 | 330 | 583 | 549 | 1.035 | 787 | 905 |
| Ólafur Ragnar Grímsson | 84.036 | 8.760 | 10.363 | 14.285 | 22.351 | 14.804 | 13.473 |
| Þóra Arnórsdóttir | 52.795 | 4.380 | 7.027 | 5.366 | 14.043 | 10.766 | 11.213 |
| Hlutfallsleg skipting, % | | | | | | | |
| Percent distribution | | | | | | | |
| Gild atkvæði alls | | | | | | | |
| Valid votes, total | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 |
| Andrea Jóhanna Ólafsdóttir | 1,8 | 1,2 | 1,7 | 1,5 | 1,9 | 2,0 | 2,2 |
| Ari Trausti Guðmundsson | 8,6 | 7,3 | 9,2 | 7,8 | 8,7 | 9,1 | 9,1 |
| Hannes Bjarnason | 1,0 | 2,1 | 1,4 | 0,9 | 0,7 | 0,8 | 0,8 |
| Herdís Þorgeirsdóttir | 2,6 | 2,2 | 2,8 | 2,4 | 2,5 | 2,6 | 3,1 |
| Ólafur Ragnar Grímsson | 52,8 | 58,2 | 50,6 | 63,6 | 53,0 | 49,6 | 46,3 |
| Þóra Arnórsdóttir | 33,2 | 29,1 | 34,3 | 23,9 | 33,3 | 36,0 | 38,5 |

Notes: For translation of constituencies see table 5 on page 8.

Fyrri forsetakjörFimm hafa gegnt embætti
forseta ÍslandsFrá stofnun Lýðveldisins 17. júní 1944 til 1. ágúst 2012 höfðu fimm gegnt embætti
forseta Íslands:

Sveinn Björnsson 1944–1952
 Ásgeir Ásgeirsson 1952–1968
 Kristján Eldjárn 1968–1980
 Vigdís Finnbogadóttir 1980–1996
 Ólafur Ragnar Grímsson 1996–2012

Sveinn Björnsson, fyrsti forseti Íslands (f. 27. janúar 1882, d. 25. janúar 1952), var þingkjörinn til embættisins við stofnun Lýðveldisins 1944. Hann var síðan þjóðkjörinn tvívegis án atkvæðagreiðslu, enda einn í framboði, árin 1945 og 1949. Hann gegndi embætti forseta til dauðadags.

Ásgeir Ásgeirsson (f. 13. maí 1894, d. 15. september 1972) var kjörinn forseti í kosningum 29. júní 1952 og endurkjörinn þrisvar án atkvæðagreiðslu, árin 1956, 1960 og 1964.

Kristján Eldjárn (f. 6. desember 1916, d. 14. september 1982) var kjörinn forseti í kosningum 30. júní 1968 og endurkjörinn tvisvar án atkvæðagreiðslu, árin 1972 og 1976.

Vigdís Finnbogadóttir (f. 15. apríl 1930), gegndi embættinu fjögur kjörtímabil. Hún var fyrst kjörin forseti í kosningunum 29. júní 1980. Árin 1984 og 1992 var hún sjálfkjörin, en árið 1988 var hún hins vegar ekki ein í kjöri til embættisins. Var Vigdís endurkjörin forseti í kosningunum 25. júní 1988. Hafði forseti Íslands ekki áður verið endurkjörin í kosningum.

Ólafur Ragnar Grímsson (f. 14. maí 1943) er fimmti forseti Íslands og hefur gegnt embættinu í fjögur kjörtímabil. Hann var fyrst kjörin í embætti forseta í kosningunum 29. júní 1996. Árin 2000 og 2008 var hann sjálfkjörin en í kosningunum 2004 voru tveir aðrir í kjöri. Var Ólafur Ragnar endurkjörin sem forseti Íslands.

English Summary

According to the Constitution of Iceland the President of Iceland shall be elected by a direct vote for a period of four years, commencing 1 August of the election year. Five persons have held the office of the President of Iceland since the Establishment of the Republic 17 June 1944 until 1 August 2012.

A presidential election was held in Iceland 30 June 2012. Matters regarding the eligibility to vote and the electoral register were resolved in the same manner as in the parliamentary general elections to the Althingi.

The total number of voters on the electoral roll was 235,743 or 73.8% of the total population. Participation of voters in the election was 163,294 or 69.3%. Participation of male voters was 65.8% and female voters 72.7%. The participation in previous presidential elections was highest in 1968, 92.2% but lowest in 2004, 62.9%.

The number of absentee votes was unusually high in the presidential election now, 38,140 votes or 23.4% of votes cast.

Six candidates took part in the election. Valid votes were 159,207. The results of the election were the following:

| | | |
|----------------------------|--------|---------------|
| Andrea Jóhanna Ólafsdóttir | 2,867 | votes (1.8%) |
| Ari Trausti Guðmundsson | 13,764 | votes (8.6%) |
| Hannes Bjarnason | 1,556 | votes (1.0%) |
| Herdís Þorgeirsdóttir | 4,189 | votes (2.6%) |
| Ólafur Ragnar Grímsson | 84,036 | votes (52.8%) |
| Þóra Arnórsdóttir | 52,795 | votes (33.2%) |

Ólafur Ragnar Grímsson was thus re-elected President of Iceland for the period 1 August 2012 until 31 July 2016.

Tafla 8. Greidd atkvæði, kjósendur á kjörskrá og kosningabátttaka eftir sveitarfélögum og kyni 2012
 Table 8. Votes cast, voters on the electoral roll and participation by municipalities and sex 2012

| | Greidd atkvæði <i>Votes cast</i> | | | Kjósendur á kjörskrá <i>Voters on the electoral roll</i> | | | Kosningabátttaka, % <i>Participation, %</i> | | |
|---|-------------------------------------|------------------------|-------------------------|---|------------------------|-------------------------|--|------------------------|-------------------------|
| | Alls <i>Total</i> | Karlar <i>Males</i> | Konur <i>Females</i> | Alls <i>Total</i> | Karlar <i>Males</i> | Konur <i>Females</i> | Alls <i>Total</i> | Karlar <i>Males</i> | Konur <i>Females</i> |
| Allt landið <i>Whole country</i> | 163.294 | 77.304 | 85.990 | 235.743 | 117.474 | 118.269 | 69,3 | 65,8 | 72,7 |
| Norðvesturkjördæmi, alls | 15.346 | 7.522 | 7.824 | 21.374 | 11.012 | 10.362 | 71,8 | 68,3 | 75,5 |
| Hvalfjarðarsveit | 334 | 169 | 165 | 457 | 243 | 214 | 73,1 | 69,5 | 77,1 |
| Akranes | 3.370 | 1.625 | 1.745 | 4.691 | 2.382 | 2.309 | 71,8 | 68,2 | 75,6 |
| Skorradalshreppur | 40 | 23 | 17 | 51 | 29 | 22 | 78,4 | 79,3 | 77,3 |
| Borgarbyggð | 1.872 | 905 | 967 | 2.561 | 1.300 | 1.261 | 73,1 | 69,6 | 76,7 |
| Eyja- og Miklaholtshreppur | 73 | 38 | 35 | 96 | 50 | 46 | 76,0 | 76,0 | 76,1 |
| Snæfellsbær | 774 | 379 | 395 | 1.127 | 593 | 534 | 68,7 | 63,9 | 74,0 |
| Grundarfjarðarbær | 434 | 220 | 214 | 622 | 328 | 294 | 69,8 | 67,1 | 72,8 |
| Helgafellssveit | 36 | 23 | 13 | 47 | 28 | 19 | 76,6 | 82,1 | 68,4 |
| Stykkishólmur | 596 | 298 | 298 | 818 | 427 | 391 | 72,9 | 69,8 | 76,2 |
| Dalabyggð | 354 | 180 | 174 | 510 | 268 | 242 | 69,4 | 67,2 | 71,9 |
| Reykhólahreppur | 152 | 74 | 78 | 210 | 104 | 106 | 72,4 | 71,2 | 73,6 |
| Vesturbyggð | 466 | 237 | 229 | 668 | 345 | 323 | 69,8 | 68,7 | 70,9 |
| Tálknafjarðarhreppur | 117 | 62 | 55 | 171 | 92 | 79 | 68,4 | 67,4 | 69,6 |
| Bolungarvík | 439 | 211 | 228 | 624 | 320 | 304 | 70,4 | 65,9 | 75,0 |
| Ísafjarðarbær | 1.974 | 943 | 1.031 | 2.675 | 1.351 | 1.324 | 73,8 | 69,8 | 77,9 |
| Súðavíkurbhreppur | 97 | 48 | 49 | 136 | 72 | 64 | 71,3 | 66,7 | 76,6 |
| Árneshreppur | 39 | 22 | 17 | 47 | 27 | 20 | 83,0 | 81,5 | 85,0 |
| Kaldrananeshreppur | 65 | 31 | 34 | 84 | 42 | 42 | 77,4 | 73,8 | 81,0 |
| Strandabyggð | 294 | 150 | 144 | 389 | 208 | 181 | 75,6 | 72,1 | 79,6 |
| Húnaþing vestra | 633 | 323 | 310 | 888 | 460 | 428 | 71,3 | 70,2 | 72,4 |
| Húnavatnshreppur | 220 | 121 | 99 | 305 | 176 | 129 | 72,1 | 68,8 | 76,7 |
| Blönduóssbær | 443 | 209 | 234 | 602 | 307 | 295 | 73,6 | 68,1 | 79,3 |
| Sveitarfélagið Skagaströnd | 263 | 131 | 132 | 366 | 196 | 170 | 71,9 | 66,8 | 77,6 |
| Skagabyggð | 44 | 22 | 22 | 67 | 32 | 35 | 65,7 | 68,8 | 62,9 |
| Sveitarfélagið Skagafjörður | 2.114 | 1.026 | 1.088 | 3.020 | 1.553 | 1.467 | 70,0 | 66,1 | 74,2 |
| Akrahreppur | 103 | 52 | 51 | 142 | 79 | 63 | 72,5 | 65,8 | 81,0 |
| Norðausturkjördæmi, alls | 20.884 | 10.084 | 10.800 | 29.003 | 14.714 | 14.289 | 72,0 | 68,5 | 75,6 |
| Fjallabyggð | 1.174 | 571 | 603 | 1.602 | 820 | 782 | 73,3 | 69,6 | 77,1 |
| Dalvíkurbyggð | 961 | 469 | 492 | 1.316 | 681 | 635 | 73,0 | 68,9 | 77,5 |
| Hörgársveit | 304 | 156 | 148 | 440 | 231 | 209 | 69,1 | 67,5 | 70,8 |
| Akureyri | 9.528 | 4.424 | 5.104 | 13.376 | 6.524 | 6.852 | 71,2 | 67,8 | 74,5 |
| Eyjafjarðarsveit | 554 | 275 | 279 | 723 | 370 | 353 | 76,6 | 74,3 | 79,0 |
| Svalbarðsstrandarhreppur | 187 | 89 | 98 | 273 | 137 | 136 | 68,5 | 65,0 | 72,1 |
| Grýtubakkahreppur | 193 | 95 | 98 | 237 | 123 | 114 | 81,4 | 77,2 | 86,0 |
| Þingeyjarsveit | 533 | 260 | 273 | 715 | 379 | 336 | 74,5 | 68,6 | 81,3 |
| Skútustaðahreppur | 226 | 101 | 125 | 305 | 151 | 154 | 74,1 | 66,9 | 81,2 |
| Norðurþing | 1.548 | 761 | 787 | 2.148 | 1.107 | 1.041 | 72,1 | 68,7 | 75,6 |
| Tjörneshreppur | 46 | 22 | 24 | 55 | 28 | 27 | 83,6 | 78,6 | 88,9 |
| Svalbarðshreppur | 50 | 28 | 22 | 82 | 44 | 38 | 61,0 | 63,6 | 57,9 |
| Langanesbyggð | 200 | 101 | 99 | 320 | 176 | 144 | 62,5 | 57,4 | 68,8 |
| Vopnafjarðarhreppur | 396 | 204 | 192 | 519 | 278 | 241 | 76,3 | 73,4 | 79,7 |
| Fljótsdalshreppur | 52 | 31 | 21 | 72 | 44 | 28 | 72,2 | 70,5 | 75,0 |
| Fljótsdalshérað | 1.837 | 907 | 930 | 2.525 | 1.302 | 1.223 | 72,8 | 69,7 | 76,0 |
| Borgarfjarðarhreppur | 66 | 41 | 25 | 96 | 59 | 37 | 68,8 | 69,5 | 67,6 |
| Seyðisfjörður | 420 | 206 | 214 | 536 | 281 | 255 | 78,4 | 73,3 | 83,9 |

Tafla 8. Greidd atkvæði, kjósendur á kjörskrá og kosningabátttaka eftir sveitarfélögum og kyni 2012 (frh.)
 Table 8. Votes cast, voters on the electoral roll and participation by municipalities and sex 2012 (cont.)

| | Greidd atkvæði | | | Kjósendur á kjörskrá | | | Kosningabátttaka, % | | |
|---------------------------------------|----------------|---------------|---------------|------------------------------|---------------|---------------|---------------------|-------------|-------------|
| | Votes cast | | | Voters on the electoral roll | | | Participation, % | | |
| | Alls | Karlar | Konur | Alls | Karlar | Konur | Alls | Karlar | Konur |
| | Total | Males | Females | Total | Males | Females | Total | Males | Females |
| Fjarðabyggð | 2.288 | 1.172 | 1.116 | 3.191 | 1.712 | 1.479 | 71,7 | 68,5 | 75,5 |
| Breiðdalshreppur | 104 | 59 | 45 | 154 | 89 | 65 | 67,5 | 66,3 | 69,2 |
| Djúpavogshreppur | 217 | 112 | 105 | 318 | 178 | 140 | 68,2 | 62,9 | 75,0 |
| Suðurkjördæmi | 22.826 | 11.160 | 11.666 | 33.400 | 17.108 | 16.292 | 68,3 | 65,2 | 71,6 |
| Sveitarfélagið Hornafjörður | 1.188 | 604 | 584 | 1.587 | 833 | 754 | 74,9 | 72,5 | 77,5 |
| Skaftárhreppur | 250 | 123 | 127 | 375 | 208 | 167 | 66,7 | 59,1 | 76,0 |
| Mýrdalshreppur | 261 | 129 | 132 | 341 | 183 | 158 | 76,5 | 70,5 | 83,5 |
| Vestmannaeyjar | 2.039 | 970 | 1.069 | 3.126 | 1.615 | 1.511 | 65,2 | 60,1 | 70,7 |
| Rangárþing eystra | 891 | 450 | 441 | 1.206 | 632 | 574 | 73,9 | 71,2 | 76,8 |
| Rangárþing ytra | 784 | 386 | 398 | 1.090 | 560 | 530 | 71,9 | 68,9 | 75,1 |
| Ásahreppur | 88 | 42 | 46 | 138 | 71 | 67 | 63,8 | 59,2 | 68,7 |
| Sveitarfélagið Árborg | 3.966 | 1.934 | 2.032 | 5.603 | 2.840 | 2.763 | 70,8 | 68,1 | 73,5 |
| Flóahreppur | 294 | 158 | 136 | 457 | 246 | 211 | 64,3 | 64,2 | 64,5 |
| Skeiða- og Gnúpverjahreppur | 271 | 137 | 134 | 354 | 184 | 170 | 76,6 | 74,5 | 78,8 |
| Hrunamannahreppur | 352 | 183 | 169 | 502 | 264 | 238 | 70,1 | 69,3 | 71,0 |
| Bláskógabyggð | 473 | 237 | 236 | 635 | 325 | 310 | 74,5 | 72,9 | 76,1 |
| Grímsnes- og Grafningshreppur | 236 | 130 | 106 | 319 | 178 | 141 | 74,0 | 73,0 | 75,2 |
| Hveragerði | 1.183 | 578 | 605 | 1.756 | 894 | 862 | 67,4 | 64,7 | 70,2 |
| Sveitarfélagið Ölfus | 850 | 416 | 434 | 1.266 | 668 | 598 | 67,1 | 62,3 | 72,6 |
| Grindavíkurbær | 1.383 | 666 | 717 | 1.907 | 962 | 945 | 72,5 | 69,2 | 75,9 |
| Sandgerði | 671 | 333 | 338 | 1.072 | 558 | 514 | 62,6 | 59,7 | 65,8 |
| Sveitarfélagið Garður | 621 | 311 | 310 | 947 | 474 | 473 | 65,6 | 65,6 | 65,5 |
| Reykjanesbær | 6.504 | 3.106 | 3.398 | 9.953 | 5.003 | 4.950 | 65,3 | 62,1 | 68,6 |
| Sveitarfélagið Vogar | 521 | 267 | 254 | 766 | 410 | 356 | 68,0 | 65,1 | 71,3 |
| Suðvesturkjördæmi | 43.411 | 20.321 | 23.090 | 62.069 | 30.509 | 31.560 | 69,9 | 66,6 | 73,2 |
| Hafnarfjörður | 13.024 | 6.089 | 6.935 | 19.050 | 9.370 | 9.680 | 68,4 | 65,0 | 71,6 |
| Garðabær | 6.155 | 2.889 | 3.266 | 8.615 | 4.229 | 4.386 | 71,4 | 68,3 | 74,5 |
| Sveitarfélagið Álftanes | 1.192 | 560 | 632 | 1.731 | 866 | 865 | 68,9 | 64,7 | 73,1 |
| Kópavogur | 16.111 | 7.490 | 8.621 | 22.879 | 11.171 | 11.708 | 70,4 | 67,0 | 73,6 |
| Seltjarnarnes | 2.500 | 1.173 | 1.327 | 3.377 | 1.660 | 1.717 | 74,0 | 70,7 | 77,3 |
| Mosfellsbær | 4.304 | 2.055 | 2.249 | 6.244 | 3.119 | 3.125 | 68,9 | 65,9 | 72,0 |
| Kjósarhreppur | 125 | 65 | 60 | 173 | 94 | 79 | 72,3 | 69,1 | 75,9 |
| Reykjavíkurborgkjördæmi suður | 30.844 | 14.274 | 16.570 | 44.854 | 21.881 | 22.973 | 68,8 | 65,2 | 72,1 |
| Reykjavíkurborgkjördæmi norður | 29.983 | 13.943 | 16.040 | 45.043 | 22.250 | 22.793 | 66,6 | 62,7 | 70,4 |

Note: For translation of constituencies see table 5 on page 8.

Tafla 9. Úrslit forsetakjörs 1952–1996
Table 9. Results of presidential elections 1952–1996

| Frambjóðendur <i>Candidates</i> | Gild atkvæði <i>Valid votes</i> | | | | | | | | |
|---|----------------------------------|-------------------------------|-----------------------------|-------------------------------|------------------------------|---|---|-------------------------------|------------------------------|
| | Allt landið <i>Iceland</i> | Reykja- víkur- kjördæmi | Reykja- nes- kjördæmi | Vestur- lands- kjördæmi | Vest- fjarða- kjördæmi | Norður- lands- kjördæmi vestra | Norður- lands- kjördæmi eystra | Austur- lands- kjördæmi | Suður- lands- kjördæmi |
| 1952¹ | | | | | | | | | |
| Alls Total | 68.224 | 28.807 | 7.007 | 4.496 | 4.893 | 4.365 | 8.046 | 3.984 | 6.626 |
| Ásgeir Ásgeirsson | 32.924 | 14.970 | 3.888 | 2.038 | 2.889 | 1.691 | 3.726 | 1.266 | 2.456 |
| Bjarni Jónsson | 31.045 | 11.784 | 2.776 | 2.251 | 1.906 | 2.468 | 4.090 | 2.474 | 3.296 |
| Gísli Sveinsson | 4.255 | 2.053 | 343 | 207 | 98 | 206 | 230 | 244 | 874 |
| 1968 | | | | | | | | | |
| Alls Total | 102.972 | 43.360 | 16.764 | 6.623 | 5.080 | 5.195 | 11.225 | 5.744 | 8.981 |
| Gunnar Thoroddsen | 35.428 | 16.900 | 5.898 | 2.168 | 1.796 | 1.709 | 2.697 | 1.099 | 3.161 |
| Kristján Eldjárn | 67.544 | 26.460 | 10.866 | 4.455 | 3.284 | 3.486 | 8.528 | 4.645 | 5.820 |
| 1980 | | | | | | | | | |
| Alls Total | 129.049 | 50.784 | 27.269 | 7.934 | 5.566 | 5.768 | 13.891 | 7.046 | 10.791 |
| Albert Guðmundsson | 25.599 | 12.519 | 6.084 | 1.155 | 553 | 818 | 1.519 | 690 | 2.261 |
| Guðlaugur Þorvaldsson | 41.700 | 14.906 | 8.565 | 2.822 | 1.905 | 2.126 | 5.459 | 2.365 | 3.552 |
| Pétur J. Thorsteinsson | 18.139 | 7.765 | 4.071 | 1.093 | 1.002 | 638 | 1.608 | 768 | 1.194 |
| Vigdís Finnbogadóttir | 43.611 | 15.594 | 8.549 | 2.864 | 2.106 | 2.186 | 5.305 | 3.223 | 3.784 |
| 1988 | | | | | | | | | |
| Alls Total | 124.004 | 48.325 | 28.840 | 7.365 | 4.866 | 5.140 | 12.968 | 6.566 | 9.934 |
| Sigrún Þorsteinsdóttir | 6.712 | 2.675 | 1.594 | 395 | 262 | 316 | 569 | 369 | 532 |
| Vigdís Finnbogadóttir | 117.292 | 45.650 | 27.246 | 6.970 | 4.604 | 4.824 | 12.399 | 6.197 | 9.402 |
| 1996 | | | | | | | | | |
| Alls Total | 165.233 | 66.302 | 42.863 | 8.453 | 5.188 | 6.041 | 16.148 | 7.607 | 12.631 |
| Ástþór Magnússon Wium | 4.422 | 1.812 | 1.187 | 195 | 109 | 159 | 430 | 195 | 335 |
| Guðrún Agnarsdóttir | 43.578 | 18.413 | 10.827 | 2.158 | 908 | 1.523 | 4.374 | 2.113 | 3.262 |
| Ólafur Ragnar Grímsson | 68.370 | 24.913 | 17.330 | 3.955 | 2.613 | 2.825 | 7.470 | 3.818 | 5.446 |
| Pétur Kr. Hafstein | 48.863 | 21.164 | 13.519 | 2.145 | 1.558 | 1.534 | 3.874 | 1.481 | 3.588 |
| Hlutfallsleg skipting, % <i>Votes, percent distribution</i> | | | | | | | | | |
| 1952¹ | | | | | | | | | |
| Alls Total | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 |
| Ásgeir Ásgeirsson | 48,3 | 52,0 | 55,5 | 45,3 | 59,0 | 38,7 | 46,3 | 31,8 | 37,1 |
| Bjarni Jónsson | 45,5 | 40,9 | 39,6 | 50,1 | 39,0 | 56,6 | 50,8 | 62,1 | 49,7 |
| Gísli Sveinsson | 6,2 | 7,1 | 4,9 | 4,6 | 2,0 | 4,7 | 2,9 | 6,1 | 13,2 |
| 1968 | | | | | | | | | |
| Alls Total | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 |
| Gunnar Thoroddsen | 34,4 | 39,0 | 35,2 | 32,7 | 35,4 | 32,9 | 24,0 | 19,1 | 35,2 |
| Kristján Eldjárn | 65,6 | 61,0 | 64,8 | 67,3 | 64,6 | 67,1 | 76,0 | 80,9 | 64,8 |
| 1980 | | | | | | | | | |
| Alls Total | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 |
| Albert Guðmundsson | 19,8 | 24,6 | 22,3 | 14,5 | 9,9 | 14,2 | 10,9 | 9,8 | 20,9 |
| Guðlaugur Þorvaldsson | 32,3 | 29,4 | 31,4 | 35,6 | 34,2 | 36,8 | 39,3 | 33,6 | 32,9 |
| Pétur J. Thorsteinsson | 14,1 | 15,3 | 14,9 | 13,8 | 18,0 | 11,1 | 11,6 | 10,9 | 11,1 |

Tafla 9. Úrslit forsetakjörs 1952–1996 (frh.)
 Table 9. Results of presidential elections 1952–1996 (cont.)

| Frambjóðendur <i>Candidates</i> | Gild atkvæði <i>Valid votes</i> | | | | | | | | |
|------------------------------------|----------------------------------|-------------------------------|-----------------------------|-------------------------------|------------------------------|---|---|-------------------------------|------------------------------|
| | Allt landið <i>Iceland</i> | Reykja- víkur- kjördæmi | Reykja- nes- kjördæmi | Vestur- lands- kjördæmi | Vest- fjarða- kjördæmi | Norður- lands- kjördæmi vestra | Norður- lands- kjördæmi eystra | Austur- lands- kjördæmi | Suður- lands- kjördæmi |
| Vigdís Finnbogadóttir | 33,8 | 30,7 | 31,4 | 36,1 | 37,9 | 37,9 | 38,2 | 45,7 | 35,1 |
| 1988 | | | | | | | | | |
| Alls Total | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 |
| Sigrún Þorsteinsdóttir | 5,4 | 5,5 | 5,5 | 5,4 | 5,4 | 6,1 | 4,4 | 5,6 | 5,4 |
| Vigdís Finnbogadóttir | 94,6 | 94,5 | 94,5 | 94,6 | 94,6 | 93,9 | 95,6 | 94,4 | 94,6 |
| 1996 | | | | | | | | | |
| Alls Total | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 |
| Ástþór Magnússon Wium | 2,7 | 2,7 | 2,8 | 2,3 | 2,1 | 2,6 | 2,7 | 2,5 | 2,7 |
| Guðrún Agnarsdóttir | 26,4 | 27,8 | 25,3 | 25,5 | 17,5 | 25,2 | 27,1 | 27,8 | 25,8 |
| Ólafur Ragnar Grímsson | 41,4 | 37,6 | 40,4 | 46,8 | 50,4 | 46,8 | 46,2 | 50,2 | 43,1 |
| Pétur Kr. Hafstein | 29,5 | 31,9 | 31,5 | 25,4 | 30,0 | 25,4 | 24,0 | 19,5 | 28,4 |

1 Kjördæmaskipan sem hér er miðað við komst á 1959. *Constituencies as established in 1959.*

Tafla 10. Úrslit forsetakjörs 2004*Table 10. Results of presidential elections 2004*

| Frambjóðendur <i>Candidates</i> | Gild atkvæði <i>Valid votes</i> | | | | | | |
|---|---------------------------------|------------------------------|------------------------------|--------------------|-----------------------------|-----------------------------------|------------------------------------|
| | Allt landið <i>Iceland</i> | Norð- vestur- kjördæmi | Norð- austur- kjördæmi | Suður- kjördæmi | Suð- vestur- kjördæmi | Reykjavíkur- kjördæmi suður | Reykjavíkur- kjördæmi norður |
| 2004 | | | | | | | |
| Alls Total | 105.913 | 11.518 | 15.332 | 14.575 | 24.076 | 19.620 | 20.792 |
| Ástþór Magnússon Wium | 2.001 | 134 | 197 | 250 | 437 | 481 | 502 |
| Baldur Ágústsson | 13.250 | 1.241 | 1.825 | 2.140 | 3.061 | 2.468 | 2.515 |
| Ólafur Ragnar Grímsson | 90.662 | 10.143 | 13.310 | 12.185 | 20.578 | 16.671 | 17.775 |
| Hlutfallsleg skipting <i>Percent distribution</i> | | | | | | | |
| Alls Total | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 | 100,0 |
| Ástþór Magnússon Wium | 1,9 | 1,2 | 1,3 | 1,7 | 1,8 | 2,5 | 2,4 |
| Baldur Ágústsson | 12,5 | 10,8 | 11,9 | 14,7 | 12,7 | 12,6 | 12,1 |
| Ólafur Ragnar Grímsson | 85,6 | 88,1 | 86,8 | 83,6 | 85,5 | 85,0 | 85,5 |

Hagtiðindi **Kosningar**
Statistical Series ***Elections***

97. árg. • 32. tbl. 2012:1

ISSN 0019-1078 ISSN 1670-4738 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4746 (rafræn útgáfa *PDF*)

Verð kr. *Price ISK* 900 • € 7

Umsjón *Supervision* Sigríður Vilhjálmsdóttir • sigridur.vilhjalmsdottir@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000 © Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099 Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series